

## **19. fundur í framkvæmdanefnd kirkjupings 6. nóvember 2023**

Fundarmenn: Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, Axel Árnason Njarðvík, Birgir Gunnarsson og Einar Már Sigurðarson.

Fundur hófst kl. 9:00.

### **Dagskrá:**

#### **1. Mál frá Kirkjupingi**

- a. Undir liðnum kom Drífa Hjartardóttir á fund nefndarinnar og vék hún af fundinum að dagskrárliðnum loknum.
- b. Fóru fram umræður um mál sem tekin voru fyrir á kirkjupingi 2023-2024.
- c. DH upplýsir um ályktun kirkjupings um stjórnarsýsluslegar ákvarðanir biskups.
- d. DH upplýsir að kirkjuping hafi vísað skýrslu húsnæðisnefndar til framkvæmdanefndar.
- e. DH upplýsir um nýjar starfsreglur um presta og vísar í 2. gr. þess efnis að gildi ráðningarsamninga sé háð undirritun framkvæmdastjóra rekstarstofu.

#### **2. Launayfirlit janúar – október 2023**

- a. BG gerði grein fyrir launayfirliti janúar til októbermánaðar 2023.
- b. Rætt var um útreikning aksturskostnaðar.
- c. Rætt var um ráðningar í prestsstörf í ljósi breytinga á starfsreglum. Ákveðið var að framkvæmdastjóri rekstarstofu skyldi hafa samband við Biskupsstofu til áréttingar á því að hann verði að undirrita ráðningarsamninga sem gerðir eru.
- d. AGS var falið að hafa samband við vígslubiskupa um að koma sér saman um hvor þeirra skuli sækja fundi framkvæmdanefndar sem biskup Íslands þar sem framkvæmdanefnd fjallar fyrst og fremst um stjórnarsýslulegan hluta biskupsembættisins.

#### **3. Önnur mál**

- a. Húsnæðismál: Framkvæmdanefnd var á kirkjupingi falið að finna húsnæði fyrir Þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar. BG var falið að hefja leit að húsnæði og leggja tillögu fyrir Framkvæmdanefnd.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða. Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 10:33.

Fundarritari: Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður Rekstarstofu.